



Samstarfsyfirlýsing

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Embætti landlæknis gerðu með sér samning um Heilsueflandi samfélag dagsettan 14. september 2020.

Meginmarkið Heilsueflandi samfélags er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Áhersla er á markvisst lýðheilsustarf í samræmi við **leiðarljós Heilsueflandi samfélags**:

- **Virk þátttaka samfélagsins í heild** með aðkomu lykilhagsmunaaðila.
- Starfið byggir á **bestu þekkingu og reynslu** á hverjum tíma.
- **Valda ekki skaða** (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- **Jöfnuður til heilsu** með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til þarfa viðkvæmra hópa.
- **Sjálfbærni**, leggja grunninn að starfi og árangri til lengri tíma litið.

Í markvissu lýðheilsustarfi eru lýðheilsuvísar, gátlistar og önnur viðeigandi gögn notuð til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða aðgerðum í samræmi við þá greiningu.

Hver stofnun og félagasamtök innan sveitarfélagsins sem taka þátt í þessu verkefni gera sína aðgerðaáætlun og vinna markvisst að því að hafa 1-2 viðburði á ári sem leggur áherslu á viðeigandi áhersluþátt verkefnisins. Markmiðið með þessum viðburðum að ná ekki aðeins til sinna nemenda/félaga/iðkenda heldur líka virkja samfélagið í kring.

- 2020-2021: Hreyfing og útivera
- 2021-2022: Næring
- 2022-2023: Geðrækt, líðan og félagsleg virkni
- 2023-2024: Heilbrigðir lífnaðarhættir, öryggi og sjálfbærni

Með undirritun þessarar yfirlýsingar samþykkja eftirtaldir aðilar að vinna í sameiningu, í samræmi við ofangreint, að vellíðan allra íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Árnes, 14. September 2020

Undirritun

